



Reykjavík 07.09.2022

Til stjórnar LH

ÚRSKURÐUR AGANEFNDAR L.H.

Mál nr. 9/2022:

Með tölvupósti sem barst nefndarmönnum í Aganefnd LH þann 05.09.2022 var atviki sem vísað er til í mótsskýrslu á Metamóti Spretts, sem haldið var 2. til 4. September 2022 vísað til meðferðar hjá Aganefnd.

Í skýrslu mótanefndar segir eftirfarandi um atvikið. „Jakobína Agnes Valsdóttir mætti ekki í B úrslit í B-flokki áhugamanna, afskráði ekki“. Aganefnd lítur svo á að í skýrslu og athugasemdum yfirdómnefndar hafi falist kæra til aganefndar á grundvelli greinar 8.5.8.,

„Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis, sem skoðar hestinn á keppnisstað, á veikindum eða holti hestsins eða knapa þegar við á, eða samkvæmt ákvörðun yfirdómara. Að öðrum kosti strikast allur árangur knapans út af mótinu og hann dæmist í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.“

Úrskurðarorð

Jakobína Agnes Valsdóttir er úrskurðuð í tveggja vikna keppnisbann frá og með 5. september 2022.

Úrskurð þennan skal stjórn LH birta kæranda.

Úrskurðinn má kæra til dómstóls ÍSÍ samkvæmt reglum ÍSÍ þar um.

Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður
Atli Már Ingólfsson, lögmaður
Sæþór Fannberg